

BYGGINGARLÝSING:

Tilraunaloftþreinsistöð er byggð upp af tilraunagámi sem hýsir vélbúnað og rafbúnað stöðvarinnar og þvottaturni sem stendur við hlið tilraunagámsins. Utan við tilraunastöðina verður einnig staðsettur færánlegur spennir fyrir rafmagn. Tilraunarekstur stöðvarinnar verður til eins eða tveggja ára en óvíst er hvernig hún verður nýtt að tilraunatímanum loknum. Stöðinni er ætlað að hreinsa H₂S og CO₂ úr andrúmsloftinu.

Tilraunagámur:

Um er að ræða hefðbundinn 40 feta sjóflutningsgám með aukinni lofthæð (high cube) 12,20x2,44 metra að utanmáli með 2,60 m lofthæð, sem breytt verður þannig að hann geti þjónað tilgangi verksins. Gámurinn kemur ofan á tvær forsteyptar undirstöður sem grafnar verða niður í núverandi malbikað plan á lóð orkuverksins.

Tilraunagámurinn skiptist í tvö rými, vélbúnaðarrými (0101) og rafmagnsrými (0102) en á milli þeirra kemur loftþéttur einangraður veggur. Þétt verður í kringum allar lagnir sem liggja gegnum vegginn og milli veggs og stáls í gólfi, útveggjum og lofti gáms. Allur búnaður sem kemur inn í vélbúnaðarrýmið verður ATEX-vottaður í samræmi við ATEX-hönnun. Tilraunagámurinn er eitt brunahólf.

Gerð verða gót á gáminn fyrir hurðir, lagnir og loftræsilagnir. Sett verður upp 40 mm timburgrind innan á útveggi og neðan í loft gámsins og einangrað inn á milli timburgrindarinnar með 40 mm steinullareinangrun. Yfir einangrunina verður settur rakavarnardúkur, klætt yfir dúkinn með rakabolinni plötuklæðningu og gámurinn málaður að innan og utan eftir viðeigandi málingarkerfum.

Auk stórra dyra (dyr á gámi) sem er á gaffi vélbúnaðarrýmis verða settar þrjár útihurðir á gáminn, tvær úr vélbúnaðarrými og ein úr rafmagnsrými.

Ekki verður einangrað undir gólfplötu gámsins. Allar hitalagnir inn í gámnum verða einangraðar til að draga sem mest út hitamyndun frá þeim. Einnig verða settir upp loftblásarar til að halda uppi nauðsynlegum loftskiptum og hita í báðum rýmum gámsins.

Grunnflatarmál gáms er 29,8 m² og rúmmál: 77,5 m³.

Þvottaturn:

Után við tilraunagáminn kemur þvottaturn úr ryðfríu stáli. Þvottaturninn verður einangraður með 50 mm þykkri steinull og klæddur með 1mm ólituðu áli. Turninn er um 11,15 m hár og er þvermál utan á álklaðningu um 0,5 m að ofan og um 0,9 m að neðan. Upp úr turni mun auk þess standa eldingavari sem mun ná um 3 m upp fyrir turninn. Þvottaturninum tengjast ýmsar lagnir ofanjarðar frá tilraunagámi.

Þvottaturninn hvílir á staðsteyptri undirstöðu 3 x 3 m að grunnfleti og 0,45 m þykkri. Utan um neðsta hluta þvottaturns upp í um 3,4 m hæð yfir undirstöðu kemur stálpallur ásamt stiga upp á pallinn vegna þjónustu við búnað.

SKÝRINGAR:

Staðsetning gáms, sjá hnit á teikningu nr. 7-80-1241.

Robb Kurlija
 K.C. 060248-3119


Br.: Dags.: Han.: Yfir.: Samp.: Lýsing:



Verkfang: 90077 Hannað: RK Yfirfarð: SG
 Dags.: 27.04.2021 Teiknað: ES Samþykkt: RK

ON - NESJAVELLIR
 VEITUKERFI
 Tilraunaloftþreinsistöð
 Afstöðumynd og byggingarlýsing
 Ferli= Sæti+ Staður +
 Verkefnisnr.: Teikn.nr.: 7-80-1240

A AFSTÖÐUMYND
 1:500



20212933